Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

annars vegar
og

KJÖLUR
stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu
hins vegar
gera með sér svofellt

# S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

**1. gr.**
**Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2011 til 31. mars 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.**
**Eingreiðsla**

Eftir samþykkt samnings greiðist eingreiðsla 50.000 kr. miðað við fullt starf tímabilið mars 2011 – apríl 2011. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað skemur skulu fá hlutfallslega greiðslu.

**3. gr.**
**Launahækkanir**

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir, sbr. fylgiskjal 1:
1.6.2011: 4,25% eða 12.000 kr. að lágmarki.
1.3.2012: 3,50% eða 11.000 kr. að lágmarki.
1.3.2013: 3,25% eða 11.000 kr. að lágmarki.
1.3.2014: Eingreiðsla 38.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í janúar 2014. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu.

## 4. gr.
## Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Á árinu 2011 | 49.000 kr. | sérstakt álag | 15.000 kr. |
| Á árinu 2012 | 50.700 kr. | | |
| Á árinu 2013 | 52.300 kr. | | |

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Á árinu 2011 | 26.900 kr. | sérstakt álag | 10.000 kr. |
| Á árinu 2012 | 27.800 kr. | | |
| Á árinu 2013 | 28.700 kr. | | |

## 5. gr.
## Frí í stað yfirvinnu

2.3.10 Heimilt er starfsmanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna frídögum vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili en yfirvinnuálagið er greitt við næstu reglulegu útborgun. Samkomulag skal vera um töku frísins og það skipulagt þannig að sem minnst röskun verði á starfsemi stofnunar. Frí samkvæmt framansögðu, vegna undanfarandi almanaksárs, sem ekki hefur verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, eða við starfslok, skal greitt út á dagvinnutaxta viðkomandi starfsmanns við næstu reglulegu útborgun.

## 6. gr.
## Matar- og kaffitímar vaktavinnumanna

Frá 1. mars 2012 breytist gr. 2.6.9 og verður sem hér segir:

2.6.9 Starfsmenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Starfsmönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna þessarar takmörkunar skal greiða 25 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hverja vakt óháð lengd vaktar.

## 7. gr.
## Fæðisfé

3.4.4 Starfsmaður sem hefur ekki aðgang að matstofu en ætti að hafa það skv. gr. 3.4.1, skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. fyrir hvern vinnuskyldudag enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:

1. Vinnuskylda starfsmanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
2. Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 að frádregnu matarhléi.
3. Matarhlé sé aðeins 1/2 klst.

Frá 1. mars 2012 bætist við kafla 3.4 ný grein sem verður gr. 3.4.5 og hljóðar svo:

3.4.5 Starfsmaður á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. enda sé vinnuskylda starfsmanns a.m.k. 1 klst. fyrir og 1 klst. eftir umsamda matartíma á viðkomandi vakt sbr. tímasetningar matartíma í gr. 3.2.1.

Frá 1. júní 2011 bætist við kafla 3.4 ný grein sem verður gr. 3.4.6 og hljóðar svo:

3.4.6 Upphæð fæðispeninga breytist á þriggja mánaða fresti í samræmi við matvörulið vísitölu neysluverðs (01 Matur og drykkjarvörur) með vísitölu maímánaðar 2011 sem grunnvísitölu (140,7 stig miðað við undirvísitölur frá 2008).

Núverandi grein 3.4.5 verður 3.4.7.

## 8. gr.
## Vinnusókn og ferðir

Kafli 5.4 hljóði svo:

5.4.1 Starfsmaður skal sækja vinnu til fasts ráðningarstaðar á eigin vegum og í tíma sínum.

5.4.2 Frá grein 5.4.1 eru eftirtalin frávik:

5.4.2.1 Starfsmanni skal séð fyrir ferð eða honum greiddur ferðakostnaður að og frá vinnustað ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Að starfsmaður hefji eða ljúki vinnu á þeim tímum sem strætisvagnar ganga ekki.
- Að heimili starfsmanns sé lengra en 1,5 km (loftlína) frá vinnustað.
- Að vinnustaður sé innan leiðakerfis strætisvagna. Með leiðakerfi er átt við skipulagðar ferðir þar sem gert er ráð fyrir að minnsta kosti einni ferð á klukkustund innan hvers skilgreinds þéttbýliskjarna í viðkomandi tilviki.
- Að ekki sé lengra en 1,5 km frá biðstöð að vinnustað.

Starfsmanni er ekki séð fyrir ferð eða honum greiddur ferðakostnaður fyrir lengri vegalengd en sem nemur 15 km (loftlína) frá vinnustað.

5.4.2.2 Ef ákvæði greinar 5.4.2.1 eiga ekki við, en vinnustaður er innan þéttbýlis, skal starfsmanni séð fyrir ferðum að og frá vinnustað innan 15 km fjarlægðar (loftlína), en þó utan 1,5 km (loftlína), þegar starfsmenn hefja eða hætta vinnu á tímabilinu frá kl. 00:00 til kl. 07:00 virka daga og frá kl. 00:00 til kl. 12:00 á almennum eða á sérstökum frídögum skv. gr. 2.1.4.2 og 2.1.4.3.

5.4.2.3 Þær stofnanir sem staðsettar eru a.m.k. 5 km (loftlína) utan ytri marka næsta þéttbýlis skulu, í stofnanasamningi skv. kafla 11, semja um greiðslu ferðakostnaðar fyrir þá starfsmenn sem ekki búa á staðnum.

5.4.2.4 Ef um sérstakar aðstæður er að ræða, til dæmis dvöl í óbyggðum, á sjó eða langdvöl á ferðum er í stofnanasamningi skv. kafla 11, heimilt að semja um greiðslu ferðakostnaðar.

## 9. gr.
## Ferðatími erlendis

Frá 1. júní 2011 bætist við kafla 5 ný grein sem verður gr. 5.5. Númer annarra greina breytist í samræmi við það.

**5.5 Ferðatími erlendis**

5.5.1 Þegar starfsmaður fer utan að frumkvæði vinnuveitanda og á vegum hans skulu greiðslur vegna slíks óhagræðis vera með eftirfarandi hætti:

Sé brottför flugs á virkum degi fyrir kl. 10:00 og/eða heimkoma eftir kl. 15:00 skal starfsmaður fá greiðslu sem nemur þremur álagsstundum á 33,33% álagi skv. gr 1.6.1 fyrir hvort tilvik.

Á almennum og sérstökum frídögum skal samsvarandi greiðsla nema sex álagsstundum á 55% álagi, án tillits til þess hvenær dags flugið er.

Heimilt er að semja um frítíma í stað greiðslu ferðatíma, sbr. gr. 2.5.2.

## 10. gr.
## Slysatryggingar

Grein 7.1.11 hljóði svo:

7.1.11 Verði starfsmaður fyrir líkams- eða munatjóni í starfi sínu við að sinna einstaklingi sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum, skal honum bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna starfs síns.

Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins. Embætti ríkislögmanns fjallar um bótakröfu samkvæmt grein þessari og annast uppgjör bóta í umboði fjármálaráðuneytisins.

## 11. gr.
## Fatapeningar

Frá 1. júní 2011 breytist gr. 8.2.1 og verður sem hér segir:

8.2.1 Á heilbrigðisstofnunum þar sem þess er krafist, vegna sérstakra meðferðarúrræða, að starfsmaður noti eigin fatnað í stað vinnuslopps eða álíka hlífðarfatnaðar skv. gr. 8.2, er vinnuveitanda í stað þess heimilt að greiða starfsmanni sérstaka fatapeninga að upphæð 3.800 kr. á mánuði miðað við fullt starf í dagvinnu.

Greiðsla þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu fataliðar í vísitölu neysluverðs (031 Föt) með vísitölu maímánaðar 2011 sem grunnvísitölu (169,6 stig miðað við undirvísitölur frá 2008).

## 12. gr.
## Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 16. júní 2011 skoðast hann samþykktur.

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði, eftir 1. janúar 2012, sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja upp samningnum fyrir 15. febrúar 2012 eða 2013 og fellur hann þá strax úr gildi.

Leiði endurskoðun nefndarinnar sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði aftur á móti til þess að þar náist samkomulag um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning.

30. maí 2011

f.h. fjármálaráðherra með fyrirvara um samþykki

*Ásta Lára Leósdóttir (sign.)*
*Helga Jóhannesdóttir (sign.)*
*Ásgeir M. Kristinsson (sign.)*

f.h. KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu, með fyrirvara um samþykki félagsmanna

*Arna Jakobína Björnsdóttir (sign.)*
*Eygerður Björg Þorvaldsdóttir (sign.)*
*Guðrún Siglaugsdóttir (sign.)*

**Bókanir**
**með kjarasamningi**
**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
**og**
**KJALAR -stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu**
**dags. 30. maí 2011**

## Bókun 1

Aðilar eru sammála um að framlengja bókun 1 með síðasta kjarasamningi um sérstakt tímabundið framlag til Fræðslusetursins Starfsmenntar óbreytt út komandi samningstímabil

## Bókun 2

Fjármálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að stofnanir ríkisins setji verklagsreglur svo sem um fjarveru starfsmanns vegna andláts nákomins ættingja, tæknifrjóvgunar og áfengismeðferðar. Vegna þessa verður öllum stofnunum sent bréf á haustmánuðum 2011 þar sem fram koma kröfur ráðuneytisins til stofnana hvað þetta varðar.

## Bókun 3

Verði samið um breytingar á algildum greinum kjarasamninga ríkisstarfsmanna eftir gerð þessa kjarasamnings þá ætla aðilar að þær breytingar eigi einnig við kjarasamning KJALAR-stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu eftir því sem við getur átt. Aðilar sammælist um hvernig fara skuli með slíkar breytingar.

## Bókun 4

Aðilar eru sammála um að tilefni sé til að bæta og tryggja bótarétt þeirra starfsmanna sem slasast við að sinna eða hafa afskipti af fólki sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum. Ljóst er að starfsmenn sem eru félagsmenn KJALAR þurfa í mörgum tilfellum að umgangast og vera innan um fólk sem ekki gengur að öllu leyti heilt til skógar eða getur verið sjálfum sér og öðrum hættulegt. Hluti af starfsskyldum þessara starfsmanna getur falist í því að grípa inn í og stöðva hættulegt atferli hjá viðkomandi. Komið geta upp aðstæður þar sem slíkt verður ekki gert án þess að viðkomandi starfsmaður setji sjálfan sig í ákveðna hættu á því að slasast við framkvæmd starfs síns. Þekkt eru dæmi um að starfsmenn hafa orðið fyrir áverkum í slíkum tilfellum.

Þá er jafnframt ljóst að auknar líkur eru á því að starfsmenn sem vinna við slíkar aðstæður verði fyrir árás af hendi þeirra sem þeim er ætlað að hafa umsjón eða eftirlit með. Rétt þykir að tryggja þessum starfsmönnum bótarétt vegna þess tjóns sem þeir þannig verða fyrir.

Aðilar eru sammála um að hefðbundin skilgreining á því hvað sé slys í skilningi vátryggingaréttar og tryggingaskilmála (óvæntur utanaðkomandi atburður) eigi ekki við í öllum tilfellum í störfum ofangreindra starfsmanna. Þannig geta komið upp tilfelli þar sem starfsmaður þarf vísvitandi að leggja líf sitt og heilsu í hættu vegna þess að starf hans beinlínis krefst þess. Því er í ákvæði greinar 7.1.11 lagt til að starfsmaður fái bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna starfs síns við þessar aðstæður. Um lækkun bóta vegna eigin sakar starfsmanns og ákvörðun bótafjárhæðar að öðru leyti gilda almennar reglur skaðabótaréttarins. Með grein 7.1.11 er kveðið á um sambærilega bótaábyrgð og framkvæmd og gildir um lögreglumenn samkvæmt 30. grein lögreglulaga.

# Fylgiskjal 1

með kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu dags. 30. maí 2011.

**Launatafla sem tekur gildi 1. júní 2011**

*4,25% hækkun eða 12.000 kr. að lágmarki*

| | 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **01** | 169.656 | 172.590 | 175.524 | 178.458 | 181.392 | 184.326 | 187.259 | 190.193 | 193.127 |
| **02** | 172.590 | 175.597 | 178.605 | 181.612 | 184.619 | 187.626 | 190.634 | 193.641 | 196.648 |
| **03** | 175.597 | 178.679 | 181.762 | 184.844 | 187.927 | 191.009 | 194.092 | 197.174 | 200.256 |
| **04** | 178.679 | 181.838 | 184.998 | 188.157 | 191.317 | 194.476 | 197.636 | 200.795 | 203.955 |
| **05** | 181.838 | 185.076 | 188.315 | 191.553 | 194.792 | 198.030 | 201.269 | 204.507 | 206.796 |
| **06** | 185.076 | 188.395 | 191.715 | 195.034 | 198.354 | 201.673 | 204.992 | 207.362 | 209.681 |
| **07** | 188.395 | 191.797 | 195.200 | 198.602 | 202.005 | 204.457 | 207.859 | 209.312 | 212.714 |
| **08** | 191.797 | 195.284 | 198.772 | 202.259 | 204.797 | 208.284 | 209.822 | 212.409 | 214.896 |
| **09** | 195.284 | 198.859 | 202.433 | 205.058 | 208.632 | 210.257 | 212.932 | 215.506 | 217.181 |
| **10** | 198.859 | 202.523 | 205.237 | 208.901 | 210.615 | 213.279 | 216.043 | 217.807 | 220.471 |
| **11** | 202.523 | 205.329 | 209.084 | 210.890 | 212.745 | 216.501 | 218.356 | 221.112 | 222.868 |
| **12** | 205.329 | 209.178 | 211.078 | 213.027 | 216.877 | 218.826 | 220.676 | 223.525 | 225.575 |
| **13** | 209.178 | 211.174 | 213.219 | 217.165 | 219.211 | 221.157 | 224.102 | 226.248 | 229.194 |
| **14** | 211.174 | 213.318 | 216.463 | 219.507 | 221.551 | 224.596 | 226.840 | 228.884 | 232.929 |
| **15** | 213.318 | 216.563 | 219.709 | 221.854 | 225.000 | 227.345 | 229.491 | 233.636 | 237.782 |
| **16** | 216.563 | 219.812 | 222.061 | 225.310 | 227.759 | 230.008 | 234.257 | 238.507 | 242.756 |
| **17** | 219.812 | 222.167 | 224.623 | 228.078 | 230.433 | 234.789 | 239.144 | 243.499 | 247.854 |
| **18** | 222.167 | 224.731 | 228.295 | 230.760 | 235.224 | 239.688 | 244.152 | 248.616 | 253.080 |
| **19** | 224.731 | 228.407 | 230.983 | 235.558 | 240.134 | 244.710 | 249.286 | 253.861 | 258.437 |
| **20** | 228.407 | 231.097 | 235.787 | 240.478 | 245.168 | 249.858 | 254.548 | 259.238 | 263.928 |
| **21** | 231.097 | 235.904 | 240.712 | 245.519 | 250.327 | 255.134 | 259.942 | 264.749 | 269.556 |
| **22** | 235.904 | 240.832 | 245.759 | 250.687 | 255.614 | 260.542 | 265.470 | 270.397 | 275.325 |
| **23** | 240.832 | 245.883 | 250.934 | 255.984 | 261.035 | 266.086 | 271.137 | 276.188 | 281.238 |
| **24** | 245.883 | 251.060 | 256.237 | 261.414 | 266.591 | 271.768 | 276.945 | 282.123 | 287.300 |
| **25** | 251.060 | 256.367 | 261.673 | 266.980 | 272.286 | 277.593 | 282.899 | 288.206 | 293.512 |
| **26** | 256.367 | 261.806 | 267.245 | 272.685 | 278.124 | 283.563 | 289.002 | 294.445 | 300.115 |
| **27** | 261.806 | 267.381 | 272.956 | 278.531 | 284.107 | 289.682 | 295.295 | 301.107 | 305.877 |
| **28** | 267.381 | 273.096 | 278.810 | 284.525 | 290.239 | 296.022 | 301.979 | 306.894 | 311.809 |
| **29** | 273.096 | 278.953 | 284.811 | 290.668 | 296.618 | 302.724 | 307.788 | 311.810 | 316.873 |
| **30** | 278.953 | 284.957 | 290.961 | 297.075 | 303.334 | 307.508 | 312.725 | 317.942 | 323.158 |
| **31** | 284.957 | 291.111 | 297.389 | 303.804 | 308.135 | 313.508 | 318.881 | 324.253 | 329.105 |
| **32** | 291.111 | 297.549 | 303.083 | 308.615 | 314.149 | 319.683 | 323.652 | 330.228 | 336.804 |
| **33** | 297.549 | 303.247 | 308.945 | 314.642 | 320.340 | 324.474 | 331.215 | 337.955 | 344.695 |
| **34** | 303.247 | 309.113 | 314.979 | 319.803 | 325.147 | 332.057 | 338.966 | 345.874 | 352.783 |
| **35** | 309.113 | 315.152 | 320.149 | 325.666 | 332.747 | 339.829 | 346.911 | 353.991 | 361.073 |
| **36** | 315.152 | 320.326 | 326.020 | 333.279 | 340.537 | 347.796 | 355.055 | 362.313 | 369.571 |
| **37** | 320.326 | 326.202 | 333.642 | 341.082 | 348.522 | 355.962 | 363.402 | 370.842 | 378.282 |
| **38** | 326.202 | 333.828 | 341.454 | 349.080 | 356.706 | 364.333 | 371.959 | 379.585 | 387.211 |
| **39** | 333.828 | 341.645 | 349.462 | 357.278 | 365.095 | 372.912 | 380.728 | 388.545 | 396.362 |
| **40** | 341.645 | 349.657 | 357.669 | 365.681 | 373.694 | 381.705 | 389.718 | 397.729 | 405.741 |
| **41** | 349.657 | 357.869 | 366.081 | 374.294 | 382.506 | 390.719 | 398.930 | 407.143 | 415.355 |
| **42** | 357.869 | 366.288 | 374.705 | 383.123 | 391.540 | 399.958 | 408.375 | 416.794 | 425.211 |
| **43** | 366.288 | 374.915 | 383.544 | 392.172 | 400.801 | 409.428 | 418.056 | 426.685 | 435.313 |
| **44** | 374.915 | 383.759 | 392.603 | 401.447 | 410.290 | 419.134 | 427.979 | 436.822 | 445.666 |
| **45** | 383.759 | 392.823 | 401.889 | 410.954 | 420.018 | 429.084 | 438.148 | 447.213 | 456.278 |
| **46** | 392.823 | 402.115 | 411.406 | 420.698 | 429.990 | 439.281 | 448.572 | 457.864 | 467.156 |
| **47** | 402.115 | 411.639 | 421.163 | 430.687 | 440.210 | 449.735 | 459.258 | 468.782 | 478.305 |
| **48** | 411.639 | 421.401 | 431.163 | 440.925 | 450.687 | 460.449 | 470.211 | 479.973 | 489.735 |
| **49** | 421.401 | 431.407 | 441.413 | 451.419 | 461.425 | 471.431 | 481.437 | 491.443 | 501.449 |
| **50** | 431.407 | 441.663 | 451.920 | 462.176 | 472.432 | 482.688 | 492.944 | 503.200 | 513.456 |
| **51** | 441.663 | 452.176 | 462.689 | 473.201 | 483.714 | 494.226 | 504.739 | 515.251 | 525.764 |
| **52** | 452.176 | 462.951 | 473.727 | 484.502 | 495.277 | 506.052 | 516.828 | 527.603 | 538.378 |

**Launatafla sem tekur gildi 1. mars 2012**

*3,5% hækkun eða 11.000 kr. að lágmarki*

| | 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **01** | 180.656 | 183.590 | 186.524 | 189.458 | 192.392 | 195.326 | 198.259 | 201.193 | 204.127 |
| **02** | 183.590 | 186.597 | 189.605 | 192.612 | 195.619 | 198.626 | 201.634 | 204.641 | 207.648 |
| **03** | 186.597 | 189.679 | 192.762 | 195.844 | 198.927 | 202.009 | 205.092 | 208.174 | 211.256 |
| **04** | 189.679 | 192.838 | 195.998 | 199.157 | 202.317 | 205.476 | 208.636 | 211.795 | 214.955 |
| **05** | 192.838 | 196.076 | 199.315 | 202.553 | 205.792 | 209.030 | 212.269 | 215.507 | 217.796 |
| **06** | 196.076 | 199.395 | 202.715 | 206.034 | 209.354 | 212.673 | 215.992 | 218.362 | 220.681 |
| **07** | 199.395 | 202.797 | 206.200 | 209.602 | 213.005 | 215.457 | 218.859 | 220.312 | 223.714 |
| **08** | 202.797 | 206.284 | 209.772 | 213.259 | 215.797 | 219.284 | 220.822 | 223.409 | 225.896 |
| **09** | 206.284 | 209.859 | 213.433 | 216.058 | 219.632 | 221.257 | 223.932 | 226.506 | 228.181 |
| **10** | 209.859 | 213.523 | 216.237 | 219.901 | 221.615 | 224.279 | 227.043 | 228.807 | 231.471 |
| **11** | 213.523 | 216.329 | 220.084 | 221.890 | 223.745 | 227.501 | 229.356 | 232.112 | 233.868 |
| **12** | 216.329 | 220.178 | 222.078 | 224.027 | 227.877 | 229.826 | 231.676 | 234.525 | 236.575 |
| **13** | 220.178 | 222.174 | 224.219 | 228.165 | 230.211 | 232.157 | 235.102 | 237.248 | 240.194 |
| **14** | 222.174 | 224.318 | 227.463 | 230.507 | 232.551 | 235.596 | 237.840 | 239.884 | 243.929 |
| **15** | 224.318 | 227.563 | 230.709 | 232.854 | 236.000 | 238.345 | 240.491 | 244.636 | 248.782 |
| **16** | 227.563 | 230.812 | 233.061 | 236.310 | 238.759 | 241.008 | 245.257 | 249.507 | 253.756 |
| **17** | 230.812 | 233.167 | 235.623 | 239.078 | 241.433 | 245.789 | 250.144 | 254.499 | 258.854 |
| **18** | 233.167 | 235.731 | 239.295 | 241.760 | 246.224 | 250.688 | 255.152 | 259.616 | 264.080 |
| **19** | 235.731 | 239.407 | 241.983 | 246.558 | 251.134 | 255.710 | 260.286 | 264.861 | 269.437 |
| **20** | 239.407 | 242.097 | 246.787 | 251.478 | 256.168 | 260.858 | 265.548 | 270.238 | 274.928 |
| **21** | 242.097 | 246.904 | 251.712 | 256.519 | 261.327 | 266.134 | 270.942 | 275.749 | 280.556 |
| **22** | 246.904 | 251.832 | 256.759 | 261.687 | 266.614 | 271.542 | 276.470 | 281.397 | 286.325 |
| **23** | 251.832 | 256.883 | 261.934 | 266.984 | 272.035 | 277.086 | 282.137 | 287.188 | 292.238 |
| **24** | 256.883 | 262.060 | 267.237 | 272.414 | 277.591 | 282.768 | 287.945 | 293.123 | 298.300 |
| **25** | 262.060 | 267.367 | 272.673 | 277.980 | 283.286 | 288.593 | 293.899 | 299.206 | 304.512 |
| **26** | 267.367 | 272.806 | 278.245 | 283.685 | 289.124 | 294.563 | 300.002 | 305.445 | 311.115 |
| **27** | 272.806 | 278.381 | 283.956 | 289.531 | 295.107 | 300.682 | 306.295 | 312.107 | 316.877 |
| **28** | 278.381 | 284.096 | 289.810 | 295.525 | 301.239 | 307.022 | 312.979 | 317.894 | 322.809 |
| **29** | 284.096 | 289.953 | 295.811 | 301.668 | 307.618 | 313.724 | 318.788 | 322.810 | 327.964 |
| **30** | 289.953 | 295.957 | 301.961 | 308.075 | 314.334 | 318.508 | 323.725 | 329.070 | 334.469 |
| **31** | 295.957 | 302.111 | 308.389 | 314.804 | 319.135 | 324.508 | 330.042 | 335.602 | 340.624 |
| **32** | 302.111 | 308.549 | 314.083 | 319.615 | 325.149 | 330.872 | 334.980 | 341.786 | 348.592 |
| **33** | 308.549 | 314.247 | 319.945 | 325.654 | 331.552 | 335.831 | 342.808 | 349.783 | 356.759 |
| **34** | 314.247 | 320.113 | 326.003 | 330.996 | 336.527 | 343.679 | 350.830 | 357.980 | 365.130 |
| **35** | 320.113 | 326.182 | 331.354 | 337.064 | 344.393 | 351.723 | 359.053 | 366.381 | 373.711 |
| **36** | 326.182 | 331.537 | 337.431 | 344.944 | 352.456 | 359.969 | 367.482 | 374.994 | 382.506 |
| **37** | 331.537 | 337.619 | 345.319 | 353.020 | 360.720 | 368.421 | 376.121 | 383.821 | 391.522 |
| **38** | 337.619 | 345.512 | 353.405 | 361.298 | 369.191 | 377.085 | 384.978 | 392.870 | 400.763 |
| **39** | 345.512 | 353.603 | 361.693 | 369.783 | 377.873 | 385.964 | 394.053 | 402.144 | 410.235 |
| **40** | 353.603 | 361.895 | 370.187 | 378.480 | 386.773 | 395.065 | 403.358 | 411.650 | 419.942 |
| **41** | 361.895 | 370.394 | 378.894 | 387.394 | 395.894 | 404.394 | 412.893 | 421.393 | 429.892 |
| **42** | 370.394 | 379.108 | 387.820 | 396.532 | 405.244 | 413.957 | 422.668 | 431.382 | 440.093 |
| **43** | 379.108 | 388.037 | 396.968 | 405.898 | 414.829 | 423.758 | 432.688 | 441.619 | 450.549 |
| **44** | 388.037 | 397.191 | 406.344 | 415.498 | 424.650 | 433.804 | 442.958 | 452.111 | 461.264 |
| **45** | 397.191 | 406.572 | 415.955 | 425.337 | 434.719 | 444.102 | 453.483 | 462.865 | 472.248 |
| **46** | 406.572 | 416.189 | 425.805 | 435.422 | 445.040 | 454.656 | 464.272 | 473.889 | 483.506 |
| **47** | 416.189 | 426.046 | 435.904 | 445.761 | 455.617 | 465.476 | 475.332 | 485.189 | 495.046 |
| **48** | 426.046 | 436.150 | 446.254 | 456.357 | 466.461 | 476.565 | 486.668 | 496.772 | 506.876 |
| **49** | 436.150 | 446.506 | 456.862 | 467.219 | 477.575 | 487.931 | 498.287 | 508.644 | 519.000 |
| **50** | 446.506 | 457.121 | 467.737 | 478.352 | 488.967 | 499.582 | 510.197 | 520.812 | 531.427 |
| **51** | 457.121 | 468.002 | 478.883 | 489.763 | 500.644 | 511.524 | 522.405 | 533.285 | 544.166 |
| **52** | 468.002 | 479.154 | 490.307 | 501.460 | 512.612 | 523.764 | 534.917 | 546.069 | 557.221 |

**Launatafla sem tekur gildi 1. mars 2013**

*3.25% hækkun eða 11.000 kr. að lágmarki*

| | 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **01** | 191.656 | 194.590 | 197.524 | 200.458 | 203.392 | 206.326 | 209.259 | 212.193 | 215.127 |
| **02** | 194.590 | 197.597 | 200.605 | 203.612 | 206.619 | 209.626 | 212.634 | 215.641 | 218.648 |
| **03** | 197.597 | 200.679 | 203.762 | 206.844 | 209.927 | 213.009 | 216.092 | 219.174 | 222.256 |
| **04** | 200.679 | 203.838 | 206.998 | 210.157 | 213.317 | 216.476 | 219.636 | 222.795 | 225.955 |
| **05** | 203.838 | 207.076 | 210.315 | 213.553 | 216.792 | 220.030 | 223.269 | 226.507 | 228.796 |
| **06** | 207.076 | 210.395 | 213.715 | 217.034 | 220.354 | 223.673 | 226.992 | 229.362 | 231.681 |
| **07** | 210.395 | 213.797 | 217.200 | 220.602 | 224.005 | 226.457 | 229.859 | 231.312 | 234.714 |
| **08** | 213.797 | 217.284 | 220.772 | 224.259 | 226.797 | 230.284 | 231.822 | 234.409 | 236.896 |
| **09** | 217.284 | 220.859 | 224.433 | 227.058 | 230.632 | 232.257 | 234.932 | 237.506 | 239.181 |
| **10** | 220.859 | 224.523 | 227.237 | 230.901 | 232.615 | 235.279 | 238.043 | 239.807 | 242.471 |
| **11** | 224.523 | 227.329 | 231.084 | 232.890 | 234.745 | 238.501 | 240.356 | 243.112 | 244.868 |
| **12** | 227.329 | 231.178 | 233.078 | 235.027 | 238.877 | 240.826 | 242.676 | 245.525 | 247.575 |
| **13** | 231.178 | 233.174 | 235.219 | 239.165 | 241.211 | 243.157 | 246.102 | 248.248 | 251.194 |
| **14** | 233.174 | 235.318 | 238.463 | 241.507 | 243.551 | 246.596 | 248.840 | 250.884 | 254.929 |
| **15** | 235.318 | 238.563 | 241.709 | 243.854 | 247.000 | 249.345 | 251.491 | 255.636 | 259.782 |
| **16** | 238.563 | 241.812 | 244.061 | 247.310 | 249.759 | 252.008 | 256.257 | 260.507 | 264.756 |
| **17** | 241.812 | 244.167 | 246.623 | 250.078 | 252.433 | 256.789 | 261.144 | 265.499 | 269.854 |
| **18** | 244.167 | 246.731 | 250.295 | 252.760 | 257.224 | 261.688 | 266.152 | 270.616 | 275.080 |
| **19** | 246.731 | 250.407 | 252.983 | 257.558 | 262.134 | 266.710 | 271.286 | 275.861 | 280.437 |
| **20** | 250.407 | 253.097 | 257.787 | 262.478 | 267.168 | 271.858 | 276.548 | 281.238 | 285.928 |
| **21** | 253.097 | 257.904 | 262.712 | 267.519 | 272.327 | 277.134 | 281.942 | 286.749 | 291.556 |
| **22** | 257.904 | 262.832 | 267.759 | 272.687 | 277.614 | 282.542 | 287.470 | 292.397 | 297.325 |
| **23** | 262.832 | 267.883 | 272.934 | 277.984 | 283.035 | 288.086 | 293.137 | 298.188 | 303.238 |
| **24** | 267.883 | 273.060 | 278.237 | 283.414 | 288.591 | 293.768 | 298.945 | 304.123 | 309.300 |
| **25** | 273.060 | 278.367 | 283.673 | 288.980 | 294.286 | 299.593 | 304.899 | 310.206 | 315.512 |
| **26** | 278.367 | 283.806 | 289.245 | 294.685 | 300.124 | 305.563 | 311.002 | 316.445 | 322.115 |
| **27** | 283.806 | 289.381 | 294.956 | 300.531 | 306.107 | 311.682 | 317.295 | 323.107 | 327.877 |
| **28** | 289.381 | 295.096 | 300.810 | 306.525 | 312.239 | 318.022 | 323.979 | 328.894 | 333.809 |
| **29** | 295.096 | 300.953 | 306.811 | 312.668 | 318.618 | 324.724 | 329.788 | 333.810 | 338.964 |
| **30** | 300.953 | 306.957 | 312.961 | 319.075 | 325.334 | 329.508 | 334.725 | 340.070 | 345.469 |
| **31** | 306.957 | 313.111 | 319.389 | 325.804 | 330.135 | 335.508 | 341.042 | 346.602 | 351.694 |
| **32** | 313.111 | 319.549 | 325.083 | 330.615 | 336.149 | 341.872 | 345.980 | 352.894 | 359.921 |
| **33** | 319.549 | 325.247 | 330.945 | 336.654 | 342.552 | 346.831 | 353.949 | 361.151 | 368.354 |
| **34** | 325.247 | 331.113 | 337.003 | 341.996 | 347.527 | 354.849 | 362.232 | 369.614 | 376.997 |
| **35** | 331.113 | 337.182 | 342.354 | 348.064 | 355.586 | 363.154 | 370.722 | 378.288 | 385.857 |
| **36** | 337.182 | 342.537 | 348.431 | 356.155 | 363.911 | 371.668 | 379.425 | 387.181 | 394.937 |
| **37** | 342.537 | 348.619 | 356.542 | 364.493 | 372.443 | 380.395 | 388.345 | 396.295 | 404.246 |
| **38** | 348.619 | 356.741 | 364.891 | 373.040 | 381.190 | 389.340 | 397.490 | 405.638 | 413.788 |
| **39** | 356.741 | 365.095 | 373.448 | 381.801 | 390.154 | 398.508 | 406.860 | 415.214 | 423.568 |
| **40** | 365.095 | 373.657 | 382.218 | 390.781 | 399.343 | 407.905 | 416.467 | 425.029 | 433.590 |
| **41** | 373.657 | 382.432 | 391.208 | 399.984 | 408.761 | 417.537 | 426.312 | 435.088 | 443.863 |
| **42** | 382.432 | 391.429 | 400.424 | 409.419 | 418.414 | 427.411 | 436.405 | 445.402 | 454.396 |
| **43** | 391.429 | 400.648 | 409.869 | 419.090 | 428.311 | 437.530 | 446.750 | 455.972 | 465.192 |
| **44** | 400.648 | 410.100 | 419.550 | 429.002 | 438.451 | 447.903 | 457.354 | 466.805 | 476.255 |
| **45** | 410.100 | 419.786 | 429.474 | 439.160 | 448.847 | 458.535 | 468.221 | 477.908 | 487.596 |
| **46** | 419.786 | 429.715 | 439.644 | 449.573 | 459.504 | 469.432 | 479.361 | 489.290 | 499.220 |
| **47** | 429.715 | 439.892 | 450.071 | 460.248 | 470.425 | 480.604 | 490.780 | 500.958 | 511.135 |
| **48** | 439.892 | 450.325 | 460.757 | 471.189 | 481.621 | 492.053 | 502.485 | 512.917 | 523.349 |
| **49** | 450.325 | 461.017 | 471.710 | 482.404 | 493.096 | 503.789 | 514.481 | 525.175 | 535.868 |
| **50** | 461.017 | 471.977 | 482.938 | 493.898 | 504.858 | 515.818 | 526.778 | 537.738 | 548.698 |
| **51** | 471.977 | 483.212 | 494.447 | 505.680 | 516.915 | 528.149 | 539.383 | 550.617 | 561.851 |
| **52** | 483.212 | 494.727 | 506.242 | 517.757 | 529.272 | 540.786 | 552.302 | 563.816 | 575.331 |